

**3426. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
12. ágúst 2020 og hófst hann kl. 09:50.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ólafur Adolfsson varamaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2006228 - Jaðarsbakkar - hönnun**

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að leggja til við bæjarráð að Ask arkitektar ljúki arkitektahönnun á áfanga 1 við Jaðarsbakka.

*Bæjarráð samþykkir að Ask arkitektar ljúki arkitektahönnun á fyrsta áfanga við Jaðarsbakka.*

**2. 2007050 - Samstarf um fjölgun íbúða, eflingu stafrænnar stjórnsýslu og upplýsingagátt**

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri fór yfir ofangreinda viljayfirlýsingu. Ráðin þakka fyrir góða kynningu og leggja til við bæjaráð að viljayfirlýsingin verði samþykkt.

*Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir viljayfirlýsinguna.*

*Samþykkt 2:0, ÓA situr hjá við afgreiðslu málsins.*

**3. 2005361 - Deiliskipulag Dalbrautarreits - Þjóðbraut 3**

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt var fyrir eigendum við Dalbraut 2, Dalbraut 4 og Stillholti 23 og Þjóðbraut 1.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

*Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir deiliskipulagsbreytingu vegna Þjóðbrautar 3 og að hún verði send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku verði birt í B-deild Stjórnartíðinda.*

**4. 2006099 - Deiliskipulag Stofnanareits - Vogabraut 3 - stækkun á byggingarreit.**

Grenndarkynnt var skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 17. júní til 16. júlí 2020, fyrir eigendum að Heiðarbraut 58, 60 og Vogabraut 1, 4 og 5.

Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir deiliskipulagsbreytingu vegna Stofnanareits Vogabraut 3 og að breytingin verði send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku hennar verði birt í B-deild Stjórnartíðinda.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:25.**

Elsa Lára Arnardóttir.

()

Ólafur Þorvaldur

Sam Freyr Þrándur

Sam Freyr Þrándur